

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir sjálfseignarstofnunina Veltubæ.

#### 1. gr.

Nafn sjálfseignarstofnunarinnar er Veltubær, er hún stofnuð af Stórstúku Íslands, samkvæmt fundarsamþykktum framkvæmdanefndar 29. desember 1989 og 13. janúar 1990. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

#### 2. gr.

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að stuðla að eflingu starfsemi Góðtemplarareglunnar á Íslandi. Í því skyni skal stofnunin starfrækja fjáröflun í víðasta skilningi til stuðnings heilbrigðri bindindisstarfsemi. Í þeim tilgangi er sjálfseignarstofnuninni heimilt að starfrækja fjáröflun, s.s. með happdrætti, bingópili og rekstri fasteigna.

#### 3. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum og tveimur til vara. Stjórnarmenn skulu vera góðir og gildir félagsmenn Góðtemplarareglunnar á Íslandi. Við val í stjórnina skal haft að leiðarljósi, að Góðtemplarareglan er landssamband. Með vísan til 4. gr. skipulagsskrár þessarar, hafa fjórir menn verið skipaðir af Stórstúku Íslands í fyrstu stjórn sjálfseignarstofnunarinnar auk tveggja varamanna, en fimmti maður í stjórninni skal vera stórtemplar eða staðgengill hans. Kjörtímabil tveggja stjórnarmanna og annars varamanns fyrstu stjórnar skal vera 5 ár, en hinna tveggja stjórnarmannanna og hins varamannsins skal vera 6 ár. Kjörtímabil eftir það skal vera 2 ár í senn, sem fer þannig fram í tvennu lagi sitt hvort árið. Endurkjör stjórnarmanna og varamanna er heimilt og atkvæðisrétt við kjörið hefur fullskipuð fimm manna stjórn. Stjórnin skiptir sjálf árlega með sér verkum og kýs úr sínum hópi formann. Á stjórnarfundum ræður meirihluti atkvæða ákvörðun stjórnar, en stjórnin skal leitast við að ná samhljóða niðurstöðu um ákvarðanir. Uppfylli stjórnarmaður ekki lengur skilyrði fellur hann sjálfkrafa úr stjórn og tekur fyrri varamaður sæti hans í stjórninni. Stjórnin skal halda gerðabók um fundi sína. Hlutkesti ræður við fyrstu endurnýjun stjórnarmanna og varamanns, þ.e. hvaða sæti eru til 5 ára.

#### 4. gr.

Stofnandi sjálfseignarstofnunarinnar, framkvæmdanefnd Stórstúku Íslands, í umboði Stórstúku Íslands, hefur skipað eftirfarandi aðila í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar og varastjórn:

#### Stjórn:

- |  |  |
|--|--|
| 1. Kristinn Vilhjálmsson, kt. 130312-2849, Laufásvegi 59, Reykjavík. | 2. Guðlaugur Fr. Sigmundsson, kt. 200245-4079, Torfufelli 13, Reykjavík. |
| 3. Mjöll Matthíasdóttir, kt. 180565-4779, Tannstöðum, Vestur-Hún.    | 4. Stefán Jónatansson, kt. 250640-3829, Hjallabrekku 43, Kópavogi.       |
| 5. Hilmar Jónsson, kt. 120532-4139, Hátúni 27, Keflavík.             |  |

## Varamenn:

1. Sveinn Kristjánsson, kt. 211122-7069, Seljahlíð 7e, Akureyri.

2. Ingibjörg Á. Johnsen, kt. 100722-4389, Skólavegi 7, Vestmannaeyjum.

## 5. gr.

Stofnandi sjálfseignarstofnunarinnar er framkvæmdanefnd Stórstúku Íslands í umboði Stórstúku Íslands. Sjálfseignarstofnunin tekur við öllum eignum, réttindum, skyldum og samningum bingósins í Tónabæ í Reykjavík og kaupum á fasteigninni Skipholti 33 í Reykjavík, Tónabíói. Stofnfé er krónur 3 600 000,00 krónur þrjár milljónir og sex hundruð þúsund 00/100.

## 6. gr.

Reikningsár sjálfseignarstofnunarinnar er almanaksárið. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða ársreikninga og skal þeirri endurskoðun lokið í apríl ár hvert fyrir síðasta starfsár. Senda skal reikninga áritaða af stjórn og endurskoðanda til ríkisendurskoðunar.

## 7. gr.

Tekjur sjálfseignarstofnunarinnar eru ágóði af starfsemi hennar, sbr. 2. gr. skipulagsskrár þessarar.

## 8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður því aðeins breytt, að allir stjórnarmenn og varamenn séu sammála um breytinguna, svo og framkvæmdanefndarmenn Stórstúku Íslands.

## 9. gr.

Stjórninni er heimilt að ráða framkvæmdastjóra. Hann ræður starfsfólk og hefur þrókúruumboð.

## 10. gr.

Sjálfseignarstofnunin verður ekki lögð niður nema með einróma samþykki fullskipaðrar stjórnar hennar, að fenginni tillögu frá framkvæmdanefnd Stórstúku Íslands. Verði hún lögð niður renna eignir hennar til Stórstúku Íslands.

## 11. gr.

Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. janúar 1990.*

F. h. r.  
**Jón Thors.**

*Fanney Óskarsdóttir.*